

**3418. fundur bæjarráðs, haldinn í fundarherbergi 3. hæð, Stillholti 16-18,  
14. maí 2020 og hófst hann kl. 16:00.**

**Fundinn sátu:**

Elsa Lára Arnardóttir formaður, Valgarður L. Jónsson varaformaður, Rakel Óskarsdóttir aðalmaður, Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri og Steinar Dagur Adolfsson sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs.

**Fundargerð ritaði:** Steinar Adolfsson, sviðsstjóri.

**Fyrir tekið:**

**1. 2001240 - Frumvörp, reglur og þingsályktunartillögur til umsagnar 2020**

662. mál til umsagnar - frumvarp til laga um samvinnuverkefni um vegaf framkvæmdir.

776. mál til umsagnar - frumvarp til laga um um breytingu á lögum um uppbyggingu og rekstur fráveitna, nr. 9/2009, með síðari breytingum (átak í fráveitumálum)

*Lagt fram.*

*Umsögn um 662. mál verður unnin á milli funda bæjarráðs.*

**2. 1901204 - Fimleikahús framkvæmdir**

Framvinduskýrsla framkvæmda við fimleikahús lögð fram.

*Lagt fram.*

**3. 1905069 - Keilufélag Akraness - fyrirspurn um framkvæmdir**

*Lagt fram.*

**4. 2003133 - Aðgerðir Akraneskaupstaðar vegna Covid-19**

Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri fer yfir næmnigreiningu sína um áhrif COVID-19 á rekstur Akraneskaupstaðar.

*Lagt fram.*

**5. 2003227 - Launaviðaukar - fjárhagsáætlun 2020**

Launaviðauki við fjárhagsáætlun 2020.

*Bæjarráð samþykkir viðauka nr. 13 við fjárhagsáætlun ársins 2020 og vísar til bæjarstjórnar til endanlegrar samþykktar. Viðaukinn felur í sér ráðstöfun að fjárhæð kr. 56.596.000 vegna samþykktar kjarasamnings Sameykis og Sambands íslenskra sveitarfélaga f.h. Akraneskaupstaðar og Höfða hjúkrunar- og dvalarheimilis og er mætt með tilfærslum af deildunum Óviss útgjöld innan hvers málaflokks fyrir sig en nánari sundurliðun ráðstafanna er að finna í meðfylgjandi fylgiskjali.*

*Viðaukinn felur í sér tilfærslu á milli liða í áætluninni og hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu ársins.*

*Samþykkt 3:0*

**6. 1904136 - Suðurgata 108 - verðmat, framkvæmdir, sala**

Málefni Suðurgötu 108, afgreiðslu máls frestað á fundi 07.05.2020.

*VLJ og ELA samþykkja að Suðurgata 108 fari í sölufarli þar sem settar verði kvaðir um viðhald, kauprétt og forkaupsrétt og felur bæjarstjóra frekari úrvinnslu málsins í samræmi við reglur Akraneskaupstaðar um sölu eigna Akraneskaupstaðar og stofnana hans frá 23. september 2014.*

*RÓ er á móti og bókar:*

*Á fundi bæjarráðs þann 16. maí 2019 bókaði bæjarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins eftirfarandi: Bæjarfulltrúinn RÓ lýsir yfir andstöðu sinni við að selja Suðurgötu 108 á almennum markaði. Í nýju deiliskipulagi á Sementsreit, sem samþykkt var í september 2017, er heimild fyrir því að rífa húsnæðið og hefur umræðan öll verið á þá leið frá því að deiliskipulagsverkefnið byrjaði. Þessi ákvörðun um að halda húsnæðinu við Suðurgötu 108 er því viðsnúningur frá fyrri hugmyndum um uppbyggingu á reitnum. Einnig setur bæjarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins miklar spurningar við það hvernig þetta mál hefur þróast frá því að bæjarráð beindi erindi til skipulags- og umhverfisráðs um að undirbúa niðurrif hússins á fundi sínum þann 27. mars síðastliðinn."*

*Afstaða bæjarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins í þessu máli hefur ekkert breyst frá þeim tíma er málið kom síðast inn til afgreiðslu í bæjarráði. Einnig hefur undirrituð miklar efasemdir um þær kvaðir sem settar eru fram í gögnum málsins.*

*Rakel Óskarsdóttir (sign)*

*Framhald:*

*Samþykkt 2:1, RÓ á móti.*

**7. 1711115 - Reiðskemmu á Æðarodda - uppbygging**

Uppfærð kostnaðaráætlun ásamt samkomulagi lögð fram til umræðu.

*Lagt fram.*

*Bæjarráð felur bæjarstjóra frekari úrvinnslu málsins með gerð sérstaks viðauka við fyrirbyggjandi yfirlýsingu/Samkomulag Akraneskaupstaðar og Hestamannafélagsins Dreyra um uppbyggingu reiðskemmu við Æðarodda sem undirrituð var 1. maí 2018.*

*Afgreiðslu málsins frestað til næsta fundar.*

**8. 1704039 - Úthlutun lóða**

Úthlutun lóða / afturköllun. Afgreiðslu máls frestað á fundi ráðsins 07.05.2020

*Bæjarráð samþykkir málsmeðferðartillögu sviðsstjóra stjórnsýslu- og fjármálasviðs sem felur í sér að lóðarhöfum sé veittur tiltekinn lokafrestur að liðnum tilgreindum fresti samkvæmt a. lið 2. mgr. 11. gr. gjaldskrár Akraneskaupstaðar nr. 1109/2017 til að skila inn tilskyldum gögnum vegna útgáfu byggingarleyfis. Bæjarráð samþykkir að lóðarhöfum sé veittur fjögurra vikna lokafrestur og að þeim fresti liðnum tekur bæjarráð ákvörðun um afturköllun lóða.*

**9. 2005099 - Asparskógar 6 - umsókn um byggingarlóð**

Umsókn Nýjatúns ehf. um byggingarlóð við Asparskóga 6. Umsóknargjald hefu verið greitt og umsóknin því tæk til afgreiðslu.

*Bæjarráð samþykkir úthlutun lóðarinnar að Asparskógum 6 til umsækjanda.*

**10. 2004173 - Samningur um akstur á heimsendum mat**

Á 126. fundi velferðar- og mannréttindaráðs þann 6. maí 2020 var fjallað um endurskoðun á samning við verksala á akstri á heimsendum mat til eldri borgar og öryrkja á Akranesi. Velferðar- og mannréttindaráð samþykkir drög að nýjum samningi og vísar honum til staðfestingar í bæjarráði. Viðbótarkostnaður á ársgrundvelli er um kr. 900.000.

*Bæjarráðs samþykkir samninginn og þann viðbótarkostnað sem í honum felst. Auknum kostnaði vegna þessa, samtals að fjárhæð kr. 900.000, er ráðstafað af liðnum 20830-4995 og inn á deild 02450-4980.*

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:25.**